

**REGLUGJÖRÐ**

um

**51**  
29. ágúst

breytingu á reglugjörð fyrir bátabryggjuna og bátauppsátrið á Blönduósi frá 22. september 1917 og reglugjörð um breytingu á sömu reglugjörð frá 6. maí 1922.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir í dag gefið út svofelda reglugjörð um breytingu á reglugjörð fyrir bátabryggjuna og bátauppsátrið á Blönduósi frá 22. sept. 1917 og reglugjörð um breytingu á sömu reglugjörð frá 6. maí 1922, samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917:

Bryggjugjöld þau, sem greiða ber samkvæmt reglugjörð 6. maí 1922 um breytingu á reglugjörð fyrir bátabryggjuna og bátauppsátrið á Blönduósi frá 22. september 1917, hækki um 50%.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. október 1924 og birtist hjermeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. ágúst 1924.*

Magnús Guðmundsson.

---

*Oddur Hermannsson.*

**REGLUGJÖRÐ**

um

**52**  
5. sept.

breyting á reglugjörð um eyðing refa í Norður-Ísafjarðarsýslu frá 13. apríl 1921.

1. og 2. málsgrein 7. gr. falli burt.

Fyrir 3. málsg. í 7. gr. komi: Fyrir grenrefi fær skotmaður 8 kr. fyrir hinn fyrri og 12 kr. fyrir hinn seinni, og 8 kr. fyrir hvern sólarhring, er hann liggur á greni, þó eigi lengur en tvo sólarhringa. Hafa má skotmaður vökumann hjá sjer og fær hann sömu daglaun.